

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 127/537*  
*komudagur 18.12.2001*



DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Nefndasvið Alþingis  
Ágúst Geir Ágústsson, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Arnarhvoli 150 Reykjavík  
sími: 560 9010 bréfasími: 552 7340  
netfang: [postur@dkm.stjr.is](mailto:postur@dkm.stjr.is)  
veffang: <http://www.stjr.is/dkm>

Reykjavík, 10. desember 2001

Tilvísun: DKM01110344/000/BT/--

Vísað er til bréfs yðar dags. 27. nóvember 2001 þar sem óskað var umsagnar ráðuneytisins um frumvarp til breytingu á áfengislögum nr. 75/1998 varðandi framleiðslu innlendra léttvína (176. mál). Í frumvarpinu er lagt til að við 4. gr. áfengislaga bætist ný málsgrein þar sem heimilað verði að framleiða án leyfis áfengi allt að 15% að styrkleika úr innlendum berjum, ávöxtum eða jurtum. Í greinargerð með frumvarpinu segir að tilgangur þess sé að gera þeim sem hafa vilja og getu kleift að framleiða léttvín úr innlendum ávöxtum og jurtum og að þeir megi bera það fram án þess að slíkur heimilisiðnaður teljist lögbrot. Flutningsmenn telja að rétt sé að lagfæra áfengislögin þannig að framleiðsla léttvíns með tilgreindum hráefnum verði leyfð. Með því að auka frelsi sem hér er lagt til gæti innan fárra ára orðið til þekking við gerð matarvína sem kynni síðar að verða séríslensk framleiðslu- og verslunarvara, t.d. vín úr hreinni náttúruafurð eins og íslenskum berjum.

Við fyrstu sýn má ætla að tilgangur frumvarpsins sé að heimila framleiðslu áfengis til einkaneyslu. Hins vegar verður að telja að ákvæðið feli í sér meira, einkum þegar skýringar við það eru skoðaðar, þar sem rætt er um heimilisiðnað. Heimild til að framleiða áfengi yrði þannig ekki bundin við einkaneyslu heldur virðist í raun vera um framleiðslu að ræða í atvinnuskyni sem nú er háð leyfi samkvæmt áfengislögum. Framleiðsla án leyfis varðar refsingu samkvæmt núgildandi lögum. Enn fremur varðar það refsingu að framleiða áfengi til einkaneyslu eða sölu þótt ekki sé í atvinnuskyni, þ.e. heimabrugun er ekki leyfileg.



Samkvæmt áfengislögum má veita einstaklingum leyfi til að framleiða áfengi í atvinnuskyni ef þeir uppfylla almenn skilyrði, sbr. 6. gr. áfengislaganna. Slíkur heimilisiðnaður sem lagt er til að heimilaður verði er því mögulegur samkvæmt gildandi lögum. Almenn skilyrði slíks leyfis er að viðkomandi hafi tilkynnt Hagstofu Íslands um atvinnustarfsemi sína og verið færður á fyrirtækjaskrá samkvæmt lögum um fyrirtækjaskrá

og sem tilkynnt hefur skattstjóra um starfsemi sína samkvæmt lögum um virðisaukaskatt. Þá skal viðkomandi vera orðinn 20 ára. Leyfin eru gjaldskyld.

Ráðuneytið bendir á að orðalag frumvarpsins er afar rúmt og tiltekur m.a. ekki að heimildin til framleiðslu léttvins sé bundin við einstaklinga en miðað við þetta orðalag gætu lögaðilar framleitt léttvín úr innlendum berjum, ávöxtum eða jurtum án leyfis. Þá er ráðuneytið þeirrar skoðunar að mjög örðugt sé að koma við eftirliti með framleiðslu léttvína eins og lagt er til í frumvarpinu, t.d um það hvenær komið er út fyrir eðlileg mörk heimilisiðnaðar, hvort framleiðslan er innan réttis styrkleika eða hvort efniviðurinn til framleiðslunnar er í samræmi við lagaákvæðið.

Í ljósi framangreindra röksemda mælir ráðuneytið ekki með samþykkt frumvarpsins.

F. h. r.



Björg Thorarensen / Aagot V. Óskarsdóttir